

**From:** Magnús Orri Marínarson Schram  
**Sent:** Fri, 30 Aug 2024 14:26:30 +0000  
**To:** Sylvía Karen Heimisdóttir  
**Cc:** Haraldur Þór Jónsson  
**Subject:** Vegamál í Þjórsárdal  
**Attachments:** Breyting á veglínu í Þjórsárdal.png

Sylvía Karen Heimisdóttir  
Sveitarstjóri Skeiða og Gnúpverjahrepps,  
Sæl Sylvía,

Sumarið 2023 var lögð ný girðing um Þjórsárdal til að starfsemi Fjallabaðanna og umferð milli Fjallabaða og Gestastofu myndu væri ekki innan afréttar. Girðingin var skipulögð í samráði Lands og Skóga og Afréttamálafélagsins, og var uppsetning hennar unnin af Gylfa Sigríðarsyni. Rauðukambar kostuðu gerð girðingarinnar sem var um 10 km löng.

Við lagningu vegar á milli Gestastofu Þjórsárdals við Selhöfða og inn að Fjallaböðunum við Reykholt, núna í síðustu viku, kom í ljós að vegurinn, sem hlaut framkvæmdaleyfi fyrr í sumar, liggur í gegnum girðinguna sem lá þannig sunnar en hönnuðir vegarins vissu af. Girðingin var sett svona niður, til að beitartilraunum LandsogSkóga yrði ekki raskað en þær tilraunir liggja innan afréttis/girðingar. Þetta þýðir einnig að horn girðingarinnar liggur innan friðlýsta svæðisins í Þjórsárdal. Verktakinn sem vann að veglagningunni fór í gegnum girðinguna, áður en tókst að stöðva framkvæmdina.

Eftir samtal LandsogSkóga og Umhverfisstofnunar á föstudag 23. ágúst og fund á vettvangi mánudaginn 26. ágúst var þeirri hugmynd fleytt að færa veglíuna út girðinguna og út fyrir mörk gróðursvæðisins, þannig að girðingin og beitartilraunin, fái að standa, en að vegurinn liggji sunnan megin girðingar. Um leið þýðir það að veglínan er innan friðlýsta svæðisins. Í kjölfarið var haft samband við Umhverfisstofnun, Minjastofnun og Náttúrufræðistofnun og kannað hug þeirra til þessarar leiðar við úrlausn málsins. LandogSkógur höfðu þá þegar lýst yfir samþykki sínu við þessa útfærslu.

Að allra mati er þessi breyting smávægileg og því samþykkt af þeirra hálfu í tölvupóstsamskiptum í liðinni viku. Engar minjar eru nálægar vegstæðinu og þar sem það liggur ekki innan gervigígasvæðisins, er breytingin talin óveruleg.

Í kjölfarið hefur verktakinn og fulltrúi Rauðukamba, hitt fulltrúa Land og Skógar á vettvangi, þar sem farið var yfir hvernig standa ætti að viðgerðum á sárinu sem af hlaust. Ráðgert er að viðgerð hefjast strax og formlegt samþykki nýrrar veglínu liggur fyrir. Endursáning mun svo eiga sér stað næsta vor. Rauðukambar munu greiða allan kostnað af ofangreindu.

Meðfylgjandi er teikning af nýrri veglínu.

(Bláa línan er gamla veglínan, gula línan er mörk friðlýsingar, græna lína er afréttargirðingin og rauða línan markar mörk gróðursvæðisins. Breyting nær yfir um 850 metra kafla og lengir veginn um 85 metra.)

Fyrir hönd Rauðukamba vil ég því óska eftir umsögn sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps við þessar breytingu á vegstæðinu. Ef sveitarstjórn lýsir yfir samþykki við þessar breytingar, mun verktakinn strax hefjast handa við lagfæringu og leggja nýja veglínu sunnan megin girðingar, og girðingin standi þannig óbreytt.

Með kærri kveðju,  
Magnús Orri

# BLUE LAGOON

## ICELAND

**Magnús Orri Marínarson Schram**  
Director of Destination Development  
Business Development, Design & Construction

Phone: +354 8411700  
[www.bluelagoon.com](http://www.bluelagoon.com)

